



# Umhverfisstjórnun hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila

---



Reykjavík

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Fræðsla til starfsmanna og undirverktaka .....	4
3. Val á byggingarvörum.....	4
4. Úrgangur.....	5
5. Varasöm efni og efnablöndur .....	6
5.1 Varasöm efni og efnablöndur.....	6
5.2 Kælimiðlar .....	6
6. Spilliefni og önnur mengandi efni .....	6
7. Notkun eldsneytis og útblástur frá vélum og tækjum .....	7
8. Jarðvegur, mengaður jarðvegur og endurnýting á malbiki .....	8
8.1 Flutningur og geymsla jarðvegs.....	8
8.2 Flutningur og geymsla á menguðum jarðvegi.....	8
8.3 Endurnýting á malbiki .....	8
9. Dekkjaþvottur, rykbinding og trygging farms .....	9
10. Hávaði og ljósmengun .....	9
10.1 Hávaði.....	9
10.1.1 Innihald tilkynningar um háværar framkvæmdir .....	10
10.2 Ljósmengun .....	10
11. Heitt og kalt vatn og frárennsli.....	10
12. Rafmagnsnotkun .....	10
13. Utanvegarakstur .....	10
14. Ágengar tegundir .....	10
15. Áburðarnotkun .....	11
16. Framkvæmdir á vatnsverndarsvæðinu.....	11
17. Notkun á borgarlandi .....	11
18. Viðbrögð við umhverfisatvik.....	11
18.1 Umhverfisatvik t.d. olíuleki .....	11
18.2 Umhverfiatvik t.d. dýrahæ og/eða mengaður jarðvegur .....	12

# 1. Inngangur

Lífsgæði íbúa í borg stjórnast m.a. af ásýnd og gæðum umhverfisins. Umhverfis- og skipulagssvið (USK) hefur það að leiðarljósi að auka lífsgæði íbúa í Reykjavík. Til að tryggja að markvisst sé hugað að umhverfisstjórnun í allri starfsemi og rekstri sviðsins hefur sviðið innleitt vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum ISO 14001.

Verktökum og þjónustuaðilum sem vinna verk í þágu sviðsins eða á vegum þess, er gert að fylgja eftirfarandi kröfum, hvar sem starfsemin er staðsett. Skal öll vinna og allur frágangur þjónustu og verks vera vönduð og fagmannlega unnin, í samræmi við fyrirsögn um vinnubrögð, góðar fagvenjur, faghefðir og góða starfshætti (e. best practices).

Umhverfis- og skipulagssvið áskilur sér rétt til að setja frekari umhverfiskröfur í útboðsgögn.

Kröfur eru gerðar til eftirfarandi þátta:

3. Val á byggingarvörum
4. Úrgangur
5. Varasöm efni og efnablöndur
6. Spilliefni og önnur mengandi efni
7. Notkun eldsneytis og útblástur frá vélum og tækjum
8. Jarðvegur, mengaður jarðvegur og endurnýting á malbiki
9. Dekkjaþvottur, rykbinding og trygging farms
10. Hávaði og ljósmengun
11. Heitt og kalt vatn og frárennsli
12. Rafmagnsnotkun
13. Utanvegaakstur
14. Ágengar tegundir
15. Áburðarnotkun
16. Framkvæmdir á vatnsverndarsvæðinu
17. Notkun á borgarlandi
18. Viðbrögð við umhverfisatvik
  - 18.1 Umhverfisatvik t.d. olíuleki
  - 18.2 Umhverfisatvik t.d. dýrahæ og/eða mengaður jarðvegur

## 2. Fræðsla

Verktaki skal sjá til þess að allt starfsfólk á hans vegum fái viðeigandi fræðslu og þekki til krafna sem gerðar eru varðandi umhverfi. Verktaki skuldbindur sig og undirverktaka til að vinna skv. góðum og vönduðum starfsháttum (e. „best practices“). Að lágmarki skal fara yfir með starfsfólki og undirverktökum neðangreinda þætti sem eiga við hverju sinni.

## 3. Val á byggingarvörum




**Áhersla: Að draga úr umhverfisáhrifum frá rekstri og framkvæmdum á vegum sviðsins.**

**Að stuðla að betri nýtingu auðlinda og draga úr umhverfisáhrifum.**

Í [mati á kolefnislosun](#) frá íslenskum byggingum kemur fram að 45% af kolefnissporinu megi rekja til byggingarefna, en eftir er að meta umfangið í annarri mannvirkjagerð. Umhverfiskröfur við val á byggingarefnum í verkefnum sem unnin eru á vegum Reykjavíkurborgar stuðla að því að dregið er úr umhverfisáhrifum byggingarefna auk þess sem stuðlað er að bættri innivist og þróun í átt að grænni og samkeppnishæfari byggingariðnaði.

Í meðfylgjandi töflu eru lágmarkskröfur við val á byggingarvörum í verkefnum sem unnin eru fyrir Reykjavíkurborg. Einungis er hægt að víkja frá neðangreindum kröfum ef engar vörur eru fánlegar sem uppfylla kröfur efnislýsingar fyrir skilgreinda vinnu. Í slíkum tilvikum skal huga að hættumerkingum efnavara og þar sem við á, að innihald rokgjarnra lífrænna efna sé lágmarkað.

Við val byggingarvara fyrir umhverfisvottaðar byggingar er fylgt sértækum leiðbeiningum (kröfum í útboðsgögnum) skrifstofu framkvæmda og viðhalds. Sjá nánar töflu hér að neðan.

Byggingarvörur	Kröfur	
Allar vörur	Forðast skal að velja vörur sem innihalda efni sem eru skaðleg umhverfi og heilsu. Vörur sem hlotið hafa viðurkennt umhverfismerki teljast uppfylla kröfuna.	
Timbur og timburefni (gólfefni, lofta- og veggjaglæðningar o.s.frv.)	FSC eða PEFC vottun.	Merki FSC og PEFC: 
Málning og lökk	Viðurkennt umhverfismerki og/eða merki sem staðfestir að útgufun efna er undir skilgreindum viðmiðum.  Málning sem notuð er innanhúss skal vera lyktarlaus og má ekki valda ertingu á húð, í augum eða öndunarfærum og ekki valda ónæmisviðbrögðum hjá fólki.	Dæmi um viðurkennd umhverfismerki: 
Spartl og kítí	Viðurkennt umhverfismerki og/eða merki sem staðfestir að útgufun efna er undir skilgreindum viðmiðum.	Dæmi um merki sem staðfestir að útgufun efna er undir skilgreindum viðmiðum: 
Lím		
Gólfefni		
Lofta-, veggja- og hljóðísogsefni		

## 4. Úrgangur

**Áhersla: Að draga úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurvinnslu.**

Úrgangur skal flokka til endurvinnslu eins og hægt er og skila skal úrgangi til viðurkennds móttökuaðila. Kvittanir skulu vera til staðar fyrir skilum og getur tengiliður við sviðið eða Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur farið fram á að fá þær til skoðunar.

Verktaki skal jafnframt kappkosta að því að hámarka endurnýtingarhlutfall á efni (á við um endurnotkun á efni s.s. stálbitum) í verkinu þar sem það er framkvæmanlegt.

Hér að neðan eru helstu flokkar úrgangs hjá USK.


### Garðaúrgangur




### Matarleifar



### Nytjahlutir



### Gler og postulín



### Pappi



### Plast og gúmmí



### Byggingarúrgangur




### Málmur



### Raf- og rafeindatæki



### Áhættuúrgangur



### Blandaður úrgangur




## 5. Varasöm efni og efnablöndur

Áhersla: Að draga úr notkun varasamra efna og umgangast efnin af varúð.

### 5.1 Varasöm efni og efnablöndur

Með varasömum efnum er átt við efni sem eru merkt með sérstökum hættumerkjum. Þessi efni geta haft skammtíma og langtíma heilsuskaðleg áhrif á lífverur og fólk. Þessi efni má ekki losa út í umhverfið. Dæmi um hættumerki er



Mynd 1. Dæmi um merkingar varasamra efna . 1. Hættulegt heilsu, bráð eituráhrif, 2. Efni sem valda alvarlegum heilsuskaða, 3. Efni sem valda heilsuskaða, 4. Ætandi efni 5. Efni sem er hættulegt umhverfinu, 6. Eldfim efni.).

Leitast skal við að nota varasöm efni í lágmarki og nota frekar efni sem eru síður skaðleg umhverfi og heilsu manna. Varasöm efni skulu geymd í upprunalegum merktum umbúðum, þar sem óviðkomandi aðilar komast ekki í þau.

Nota skal efnin með varúð og samkvæmt leiðbeiningum um notkun á umbúðum eða öryggisblöðum. Öryggisblöð skulu vera til staðar á íslensku eða ensku á þeim stöðum þar sem efnin eru notuð. Öryggisblöð er hægt að fá hjá söluaðilum. Gæta skal þess að efnin berist ekki í niðurföll (athuga að sápur og ræstiefni mega fara í frárennsliskerfi eftir notkun). Athuga skal að efni í flokki 1, eiturmerkt efni skal geyma í læstum hirslum á milli þess sem þau eru notuð.

Verktaki skal upplýsa tengilið sinn hjá USK um notkun varasamra efna og fá leyfi hjá honum um notkun slíkra efna í þjónustu við USK.

### 5.2 Kælimiðlar


Kælimiðlar flokkast undir varasöm efni en það er mikilvægt að velja kælimiðla með lágan hnatthlýnunarmátt (e. Global Warming Potential, GWP) og helst með  $GWP \leq 10$ .

## 6. Spilliefni og önnur mengandi efni

Áhersla: Að flokka spilliefni og önnur mengandi efni sérstaklega og skila þeim til viðurkennds móttökuaðila.

Dæmi um spilliefni og önnur mengandi efni eru rafhlöður, rafgeymar, málning, fúavörn, plöntuvarnarefni, áburður, úrgangsolía og efnaafgangar. Öllum spilliefnum er haldið aðskildum frá almennum úrgangi. Spilliefnum er skilað til viðurkenndra móttökuaðila.

Helstu flokkar af spilliefnum hjá sviðinu eru neðangreindir:



Spilliefni skal geyma í lokuðum og lekaheldum ílátum þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins. Merkja skal ílátin með orðunum „spilliefni“ og viðeigandi hættumerkingum.

## 7. Notkun eldsneytis og útblástur frá vélum og tækjum

**Áhersla: Að draga úr umhverfisáhrifum frá rekstri og framkvæmdum á vegum sviðsins.**

**Að umgangast orkuauðlindir með hagkvæmni og nægjusemi í hug.**

Verkkaupi skal hafa það markmiði að allar vélar og bifreiðar sem notaðar eru í þjónustu hans séu hreinorkutæki. Verktaki skal viðhafa verklag til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis á vélar og bifreiðar eins og kostur er.

Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjanleg auðlind og brennsla þess mengandi. Kröfur eru gerðar í lögum og reglugerðum um meðhöndlun og geymslu jarðefnaeldsneytis sem og takmarkanir á losun þess í umhverfið.

- Bifreiðar og tæki sem eru skoðunarskyld skulu færð til skoðunar eins og reglur kveða á um og þannig tryggja að útblástur sé innan leyfilegra marka. USK kann að óska eftir staðfestingu á skoðun véla og tækja sem notuð eru af þjónustuaðilum og verktökum.
- Starfsmenn skulu leitast við að aka með þeim hætti að eldsneytisnotkun sé lágörkuð.
- Óheimilt er að skilja ökutæki eftir í gangi þegar þau eru yfirgefin. Jafnframt er óheimilt að láta vélar kyrrstæðra ökutækja ganga lengur en í örstutta stund nema sérstaklega standi á.
- Æskilegt er að verktaki eða þjónustuaðili hafi mengunarvarnarábúnað svo sem uppsogsklúta í farartækjum sínum ef leki kemur að farartæki eða öðrum tækjum.
- Geymsla og dæling eldsneytis skal vera í samræmi við reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi þar sem fjallað er um kröfur um neyslu- og lausageyma (gr. 41. og 43.) Neyslu- eða lausageymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfiryllingarviðvörn eða yfiryllingavörn. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma.
- Geymsla eldsneytis og áfylling tækja innan vatnsverndarsvæðis er óheimil nema að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Veitur. Sama gildir um náttúruverndar svæði en þar skal fá samþykki Náttúruverndarstofnunar.
- Við flutning á eldneytisbrúsum á verkstað og/eða til áfyllingar skal tryggja að þeir séu vel skorðaðir svo þeir velti ekki, til að forðast leka. Eldneytisbrúsar skulu vera merktir með efnaheiti, varúðarmerkjum og/eða varúðasetningum.
- Bent skal á að ef flutt er meira magn olíu en 1000L í farmi þarf sérstök réttindi til flutninganna, ADR-réttindi ( Vinnueftirliti Ríkisins) og sömuleiðis ef flutt er meira magn en 400L bensíns í farmi.

## 8. Jarðvegur, mengaður jarðvegur og endurnýting á malbiki

Áhersla : Að draga úr umhverfisáhrifum frá rekstri og framkvæmdum á vegum sviðsins.

Að umgangast orkuauðlindir með hagkvæmni og nægjusemi í huga

### 8.1 Flutningur og geymsla jarðvegs

Lágmarka skal flutning á jarðvegi eins og kostur er og draga þannig úr brennslu jarðefnaeldsneytis og myndun svifryks og minnka álag á vegi. Í forgangi skal vera að nýta jarðveginn þannig að hann komi í stað nýs efnis að teknu tilliti til krafna um gæði og efniseiginleika. **Athugið að endurnýting á jarðvegi t.d. í fyllingar s.s. manir getur verið starfsleyfiskyld hjá viðkomandi heilbrigðiseftirliti svo og geymsla á jarðvegi til skemmri eða lengri tíma á millilager.**

### 8.2 Flutningur og geymsla á menguðum jarðvegi

Verktaki/þjónustuaðili skal kanna hvort mengun s.s. sóttmengaður úrgangur (t.d. miltisbrandur) eða olíumengun hafi verið skráð á framkvæmdarstað – sjá hér í kortasjá umhverfisstofnunar, [Mengaður jarðvegur - Umhverfisstofnun](#). **Athugið að ekki er búið að færa inn alla þekktu mengunarstaði í kortasjána né vinna úr öllum ábendingum.** Ef framkvæmdin er á iðnaðarsvæði, þar sem mengandi starfsemi hefur verið eða þar sem mengunaróhapp hefur á sér stað ætti verktaki að ráðfæra sig við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur áður en framkvæmd hefst. Ef það leikur vafi á því að hvort mengun geti verið til staðar skal verktaki/þjónustuaðili hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur **Sjá nánari kröfur um viðbrögð þegar vart verður við mengaðan jarðveg t.d. olíu eða dýrahæ hér á eftirfarandi link [18.2 Umhverfiatvik t.d. dýrahæ og/eða mengaður jarðvegur](#).**

Við framkvæmdir á stöðum þar sem mengaður jarðvegur er til staðar skal hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Gæta skal að því að mengun berist ekki út af lóðinni t.d. á dekkjum eða með foki jarðefna, sjá nánar lið 9: Dekkjapvottur, rykbinding og trygging farms. Einnig þarf að gæta að því að mengun sé ekki í jarðvatni og eftir atvikum, gera ráðstafanir til að hreinsa mengað vatn.

Viðmið fyrir styrk mengandi efna í jarðvegi eftir landnotkun er að finna í viðauka í reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Í einhverjum tilfellum er mögulegt að endurnýta mengaðan jarðveg innan svæðis í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur en í öðrum tilfellum er hægt að hreinsa mengun úr jarðveginum í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur svo nýta megir hann eða farga slíkum jarðvegi hjá viðurkenndum móttökuaðila. Verktakar/lóðarhafar geta verið krafðir um kvittanir skilum á menguðum jarðvegi.

### 8.3 Endurnýting á malbiki

Verktaki/þjónustuaðili skal hafa starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þegar endurnýta á malbiksfræs eða brot í undirfyllingar við vegagerð. Undantekning frá þessu ákvæði er þegar endurnýtt malbik sem kemur frá viðurkenndum malbikunarstöðvum. Óheimilt er að leggja malbik á vatnsverndarsvæði höfuðborgarinnar, sjá jafnframt nánar um vatnsverndarsvæði hér neðar í kröfunum.

## 9. Dekkjaþvottur, rykbinding og trygging farms

**Áhersla: Að draga úr umhverfisáhrifum frá rekstri og framkvæmdum.**

Verktaki skal koma í veg fyrir efnisburð/óhreinindi frá framkvæmdasvæði og myndun svifryks með dekkjaþvotti og viðeigandi tryggingu jarðefnis s.s. dúk yfir vörubílsfalli.

Draga skal úr rykmengun frá framkvæmdastað, þegar við á, með því að þvo dekk eða bleyta með vatni og rykbinda vegi á framkvæmdastað.

## 10. Hávaði og ljósmengun

**Áhersla: Að draga úr umhverfisáhrifum frá rekstri og framkvæmdum.**

### 10.1 Hávaði

Takmarkanir eru settar á hávaða í framkvæmdum í hávaðareglugerð nr. 724/2008 og ber að fylgja þeim kröfum sem gerðar eru. Í neðangreindri töflu úr reglugerðinni koma fram mörk fyrir hávaða vegna framkvæmda.

			Upphaf framkvæmda	Lok framkvæmda
Íbúðasvæði, nágrenni þeirra og dvalarrýma þjónustustofnana þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	Háværar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	21:00
		Helgar og almennir frídagar	10:00	19:00
		Aðrir dagar	Ekki heimilt	
	Sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	19:00
		Aðrir dagar	Ekki heimilt	

Í Reykjavík eru gerðar frekari takmarkanir á losun bergs í byggingarframkvæmdum í þéttri byggð innan lögsögu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í umhverfis- og skipulagsráði 2015.<sup>1</sup> Til að draga úr óþægindum við fleygun bergs, gagnvart þeim sem hafa aðsetur í nærliggjandi byggingum, skal gera hlé á fleygun á tveggja klukkutíma fresti í a.m.k. 30 mínútur í senn. Mikilægt er að verktaki kynni fyrir íbúum nærliggjandi svæða sérstaklega háværar framkvæmdir skv. 9 grein úr hávaðareglugerð nr. 724/2008, sjá nánar hér [10.1.1 Innihald tilkynningar um háværar framkvæmdir](#). Skilgreining á sérstaklega hávaðasömum framkvæmdum er í reglugerðinni og er hún eftirfarandi: „Sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir: Vinna sem hefur í för með sér mikinn hávaða svo sem vinna við höggbor, háværa háþrýstidælu, meitlun á bergi eða sprengingar,“

**Tímamörk fyrir sérstaklega hávaðasamar jarðvegsframkvæmdir**

	Upphaf vinnu	Lok vinnu
<b>Virkir dagar</b>	kl. 08:00	kl. 18:00
<b>Helgar</b>	Framkvæmdir ekki heimilær	
<b>Aðrir frídagar</b>		

**Byggingarfulltrúi gefur út leyfi fyrir sprengingar og fleygun á bergi á byggingarsvæðum.**

Við vinnu á viðkvæmum svæðum í náttúrunni eða á viðkvæmum tímum árs t.d. varptíma skal sömuleiðis stýra vinnu þannig að hún valdi sem minnstu ónæði fyrir viðkomandi lífríki.

Viðhaldi farartækja og tækja skal þannig háttað að þau valdi sem minnstum hávaða.

<sup>1</sup> Takmarkanir má nálgast á heimasíðu Reykjavíkurborgar: „Takmarkanir á losun bergs í jarðvinnu lóða/borgarlands fyrir byggingarframkvæmdir í þéttri byggð innan lögsögu Reykjavíkurborgar“ [https://reykjavik.is/sites/default/files/takmarkanir\\_fyrir\\_sprengingar\\_og\\_losun\\_bergs\\_0.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/takmarkanir_fyrir_sprengingar_og_losun_bergs_0.pdf)

### 10.1.1 Innihald tilkynningar um hávaðasamar framkvæmdir

Verktaki skal tilkynna **íbúum nærliggjandi svæða** um hávaðasamar framkvæmdir með sannarlegum hætti áður en framkvæmd hefst. Í tilkynningu skal m.a. koma fram tímalengd framkvæmdar, hvaða þættir hennar séu líklegir til að valda ónæði og hvenær verði unnið að þeim þáttum, sjá nánar 9.gr. í reglugerð um hávaða nr. 724/2004. Jafnframt er gott að sýna kort af framkvæmdasvæði og nágrannahúsum sem gert er ráð fyrir að verði fyrir áhrifum.

Verktaki skal að lágmarki setja inná tilkynninguna upplýsingar hvernig íbúar geti haft samband við hann bæði símanúmer og netfang auk þess sem það skal upplýsa íbúa hvernig þeir geta sent ábendingar til Reykjavíkurborgar, sjá slóð hér á ábendingavef Reykjavíkurborgar [Senda ábendingu | Reykjavík](#).

## 10.2 Ljósmeignun

Verktakar og þjónustuaðilar skulu tryggja að slökkt sé á kösturum og öðrum ljósum daglega, þegar vinnu á verkstað er lokið til að koma í veg fyrir ónæði vegna ljósmeignunar hjá íbúum í nágrenninu. Á meðan á vinnu stendur skal hugað að því að ljós beinist ekki óþarflega út fyrir vinnusvæðið.

## 11. Heitt og kalt vatn og frárennsli

**Áhersla: Að umgangast orkuauðlindir með hagkvæmni og nægjusemi í huga.**

Forðast skal óþarfa sóun vatns. Óheimil losun efna í frárennsli leiðir til skemmda á fráveitulögnum og minnkar rekstraröryggi þeirra til langframa.

Við þvott á áhöldum, tækjum og bílum skal gæta þess að láta vatn ekki renna að óþörfu og að mengandi efni berist ekki í frárennsli eða jarðveg. Mælst er til þess að bílar og tæki séu þvegin á þvottastöðvum/stæðum með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði þ.e. olíu- og sandskilju. Við val á hreinsiefnum skal þess gætt að þau hæfi olíuskiljum.

## 12. Rafmagnsnotkun

**Áhersla: Að umgangast orkuauðlindir með hagkvæmni og nægjusemi í huga.**

USK leggur áherslu á að farið sé vel með rafmagn og eru starfsmenn, verktakar og þjónustuaðilar hvattir til að lágmarka óþarfa sóun rafmagns.

## 13. Utanvegaakstur

**Áhersla: Að draga úr umhverfisáhrifum frá rekstri og framkvæmdum.**

Óheimilt er að aka utan vega að óþörfu. Minnt er á ef keyra þarf utan vega skal sækja um afnotaleyfi fyrir notkun á borgarlandi til USK Reykjavíkurborgar.

## 14. Ágengar tegundir

**Áhersla: Að draga úr umhverfisáhrifum frá rekstri og framkvæmdum á vegum sviðsins.**

Mælst er til að nota jarðveg sem þegar er á staðnum eins og kostur er, til að koma í veg fyrir að fá aðfluttan jarðveg sem gæti innihaldið óæskilegan gróður eða er með aðra tegundasamsetningu sem tilheyrir ekki eða hentar ekki svæðinu.

Tryggja skal að mold og jarðvegur sem er notaður innihaldi ekki ágengar tegundir s.s. lúpínu, skógarkerfil, þistil og hóffífil, t.d. með því að fá skriflegan staðfestingu frá söluaðila um að moldin sé illgresisfrí. Sama gildir um þökur og annað yfirborðslag.

## 15. Áburðarnotkun

**Áhersla: Að stuðla að betri nýtingu auðlinda og draga úr umhverfisáhrifum.**

Áburður getur valdið neikvæðum umhverfisáhrifum í ám, vötnum og sjó skolist hann burt með yfirborðs- eða grunnvatni og framleiðslu hans fylgja neikvæð umhverfisáhrif.

Tryggja skal rétt handbragð við dreifingu áburðar, þannig að hann nýtist sem best. Forðast skal ofnotkun þar sem hún leiðir til aukinnar útskolunar næringarefna..

Sé því við komið skal nota lífrænan áburð frekar en tilbúinn.

Ónýtum áburði skal farga sem spilliefni.

Upplýsingum um magn og tegund áburðar skal skila til USK Reykjavíkurborgar, sem birt er í grænu bókhaldi.

## 16. Framkvæmdir á vatnsverndarsvæðinu

**Áhersla: Að draga úr umhverfisáhrifum frá rekstri og framkvæmdum á vegum sviðsins.**

Fyrir allar framkvæmdir sem eiga að fara fram innan vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins skal sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sbr. samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnafjarðarkaupstaðar. Sjá jafnframt heimasíðu Veitna þar sem fjallað er um vatnsverndarsvæðið [Afstaða Veitna til athafna á vatnsverndarsvæðum](#).

## 17. Notkun á borgarlandi

**Áhersla: Að draga úr umhverfisáhrifum frá rekstri og framkvæmdum á vegum sviðsins.**

Deild afnota og eftirlits á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar gefur út leyfi fyrir afnotum af borgarlandi samkvæmt lögreglusamþykkt þar um. Í skilmálum afnotaleyfa koma fram kröfur um umhverfisþætti sem afnotaleyfishafa er skylt að framfylgja auk annarra krafna er varða afnotaleyfi sjá nánar á eftirfarandi vefsíðu [Afnotaleyfi | Reykjavík](#)

## 18. Viðbrögð við umhverfisatvik

**Áhersla: Viðbrögð við umhverfisslysi (t.d. efnaleka) og þegar vart verður við mengaðan jarðveg t.d. olíu eða dýrahæ.**

### 18.1 Umhverfisatvik t.d. olíuleki

**Dæmi um umhverfisatvik gæti verið olíuleki**

Verktaki/þjónustuaðili skal:

1. Stöðva leka og koma í veg fyrir að mengun berist í umhverfið eða breiðist frekar

2. Hringja í 112 ef mengun eða umhverfisskaði er af þeirri stærðargráðu að ekki tekst stöðva hann strax á staðnum. Hreinsa upp mengun með eigin búnaði eða kalla til sérhæfðan aðila til hreinsunar ef magnið er meira en verktaki ræður við.
3. Fara skal með ísogsefni sem spilliefni og skila til spilliefnamóttöku.
4. Tilkynna atvikið til síns tengiliðs hjá USK.

### 18.2 Umhverfisatvik t.d. dýrahæ og/eða mengaður jarðvegur

**Dæmi um umhverfisatvik ef dýrahæ, bein og annar mögulega sóttmengaður úrgangur o.fl eða mengaður jarðvegur finnst við uppgroft.**

1. Byrja skal að skoða kortasjá UST [Mengaður jarðvegur - Umhverfisstofnun](#) – til að athuga hvort mengaður jarðvegur hafi verið skráður á framkvæmdasvæðinu. Þó ekki sé að finna skráningu á framkvæmdasvæðinu skal verktaki/þjónustuaðili ávallt hafa varan á sér og fylgjast með hvort mengun eða úrgangur komi upp. Hafa skal samband við Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur ef vart verður við mengun eða úrgang við framkvæmd, sími 411-1111 eða í tölvupóstur [heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is](mailto:heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is), um næstu skref.
2. Ef dýrahæ, bein og annar mögulega sóttmengaður úrgangur finnst í jarðvegi skal hætta vinnu tafarlaust og hafa samband við Matvælastofnun sem ákveður næstu skref. Sóttmengaður úrgangur getur verið hættulegur fyrir umhverfið og valdið skaða fyrir heilsu starfsmanna. Símanúmer 530 4800 og tölvupóstur [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is)
3. Jafnframt skal láta Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vita í síma 411-1111 eða í tölvupósti [heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is](mailto:heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is)
4. Verktaki/þjónustuaðili skal alltaf tilkynna atvikið til síns tengiliðs hjá USK.
5. Dýrahæ, bein og annar sóttmengaður úrgangur er meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Matvælastofnunar. Slíkur úrgangur fer í brennslu.

---

Breytingar á skjali frá fyrri útgáfu:

**Útg. 5, 1. júní 2025:**

- Þetta eru kröfur til verktaka og þjónustuaðila en ekki leiðbeiningar.
- Bætt við t.d. kröfur fyrir mengaðan jarðveg, flutning og geymslu á jarðvegi, ágengar tegundir, hávaða, og ljósmengun.
- Texti fyrir malbik endurnýjaður